

Sjöundi fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar
Fundurinn haldinn 19. maí 2011 kl. 10 við Hlíðarveg.

Fundargerð

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Agnes Ýr Sigurjónsdóttir foreldrafulltrúi, Kristín Anna Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna, Kolbrún Helga Gunnlaugsdóttir og Kristín Júlía Ásgeirsdóttir fulltrúi nemenda, María Bjarney Leifsdóttir kennarafulltrúi, Mundína Valdís Bjarnadóttir kennarafulltrúi, Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.

Dagskrá fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

2. Val nemenda í 8.-10. bekkjum

Lagðir fram til kynningar valseðlar næsta skólaárs fyrir nemendur í 8.-10. bekkjum. Skólaráð lýsir ánægju yfir fjölbreyttu vali sem nemendur hafa möguleika á.

3. Kennsluskipulag næsta skólaárs

Farið yfir skóladagatal 2011-2012 sem bráðlega verður birt á vef skólans. Jafnframt var farið yfir skipulag bekkjardeilda eins og það liggur fyrir eftir umfjöllun fræðslunefndar.

4. Foreldrafélag Grunnskóla Fjallabyggðar

12. maí s.l. var Foreldrafélag Grunnskóla Fjallabyggðar stofnað. Til þess að skapa samstarf á milli þess og skólaráðs var ákveðið að fulltrúi úr skólaráði ætti sæti í stjórn foreldrafélags og stjórnarmaður úr foreldrafélaginu yrði skipaður í skólaráð sem fulltrúi grenndarsamfélags. Agnes Ýr Sigurjónsdóttir foreldrafulltrúi bauð sig fram sem fulltrúi skólaráðs í stjórn foreldrafélagsins.

5. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 15. september n.k. kl. 10, við Tjarnarstíg.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11.

Jónína Magnúsdóttir skólastjóri